Náttúrufræðistofnun

RARIK ohf.

Sigurður Grétar Jónsson

Dvergshöfða 2

110 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. október 2026

Málsnúmer: 202609-0057

IAS/RTh

Efni: Strengur, Andakíll. Viðbót.

Vísað er til erindis Rarik frá 25. september 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lagningu jarðstrengs frá Vatnshömrum að Borgarfjarðarbrú.

Þann 15. maí 2026 sendi Náttúrufræðistofnun umsögn til Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnunar um matskyldu lagningar jarðstrengs frá Vatnshamri að Ferjubakka, sjá hér.

Í matskyldufyrirspurnina vantaði að fjalla um lagningu jarðstrengs frá Vatnshamri að Borgarfjarðarbrú.

Strengleiðin á þessum kafla var valin af Rarik og breytt í samráði við landeigendur og Náttúruverndarstofnun en ekki er farið með vegum vegna annarra lagna sem fyrir eru og veghelgunarsvæðis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér strengleiðna með viðbótum eftir breytingar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Strengleiðin frá Vatnshömrum að Borgarfjarðarbrú liggur nú að mestu leyti utan búsvæðaverndar-svæðisins Andakíll og að hluta til á þegar röskuðu svæði. Þá hefur leiðin verið færð úr blautasta svæðinu og nær túnum þannig að raski á votlendi verði haldið í lágmarki

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir er vísar í almennar athugasemdir fyrri umsagnar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000